



Samband íslenskra auglýsingastofa
Siðanefnd
Síðumúla 1
108 Reykjavík

Reykjavík, 21. maí 2007.

Efni: Kæra Öryrkjabandalags Íslands á auglýsingu Himins og hafs fyrir Öryggismiðstöðina.

Öryrkjabandalag Íslands hefur falið undirrituðum að kæra auglýsingaherferð sem auglýsingastofan Himinn og haf ehf. unnu fyrir Öryggismiðstöðina, sbr. 3. gr. starfsreglna siðanefndar um auglýsingar.

Öryggismiðstöðin er þessa dagana með auglýsingaherferð í fjölmiðlum, sem birtist a.m.k. í hljóðvarpi, sjónvarpi og dagblöðum. Öryggismiðstöðin er öryggisþjónusta og selur m.a. búnað og þjónustu sem stuðla á að öryggi heimila. Auglýsingaherferðinni er beint að einstaklingum og fjölskyldum og er ætlað að kynna þjónustu fyrirtækisins sem kallast „Heimaöryggi“. Auglýsingarnar eru ekki leiknar heldur kemur fram í þeim raunveruleg manneskja sem þekktur er á Íslandi undir nafninu Lalli Johns.

Á meðfylgjandi ljósriti af auglýsingu, sem birst hefur í dagblöðum, sést greinilega einföld uppsetning og skilaboð auglýsinganna. Auglýsingin er ekkert annað en stór, ógnandi mynd af Lalla Johns undir fyrirsögninni „Hver vaktar þitt heimili“? Með þessu er persóna Lalla Johns notuð til þess að höfða til ótta fólks við innbrot á heimili þess. Í 1. tölul. 3. gr. siðareglna SÍA um auglýsingar, segir að auglýsingar skuli ekki að ástæðulausu höfða til ótta fólks. Sama regla kemur fram í 5. gr. sameiginlegra stefnumarkandi reglna Verðlagsstofnana og umboðsmanna neytenda á Norðurlöndum um sjónvarpsauglýsingar. Auglýsingum Öryggismiðstöðvarinnar er augljóslega ætlað að höfða til ótta fólks í garð Lalla Johns. Ef sá ótti er ástæðulaus er auglýsingin brot á 1. tölul. 3. gr. siðareglanna.

Forsvarsmenn Öryggismiðstöðvarinnar og Himins og hafs útskýrðu auglýsinguna svo í fréttum að henni væri ætlað að hafa forvarngildi. Verður það ekki skilið á annan veg en að forsvarsmenn félaganna telji að fólk hafi ástæðu til að óttast Lalla Johns og beri að kaupa öryggistæki og þjónustu til að vernda sig gagnvart honum. Með auglýsingunni er Lalli Johns þannig gerður að holdgervingi þess sem fólki ber að varast. Framsetning auglýsingarinnar styður þetta þar sem Lalli Johns birtist illa til hafður og í kuldalegu umhverfi.

Auglýsingar eru komnar inn á vafasama braut þegar þær birta myndir af fólki sem auglýsandinn telur hættulegt almenningsi. Undirritaður telur að slík myndbirting brjóti gegn almennri velsæmiskennnd, sbr. 1. gr. siðareglna SÍA og grundvallargildi siðareglna EACA um virðingu. Verðlagsstofnanir og umboðsmenn neytenda á Norðurlöndum hafa, eins og áður segir, sett sér sameiginlegar stefnumarkandi reglur um sjónvarpsauglýsingar. Í 4. gr. þeirra

Eigendur
Garðar Garðarsson, hrl.
Jóhannes Karl Sveinsson, hrl.
Viðar Lúðvíksson, hrl.
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hrl.

Fulltrúar
Daniel Isebarn Ágústsson, hdl
Eiríkur Jónsson, hdl.
Grímur Sigurðsson, hdl.
Ívar Pálsson, hdl.
Jóna Björk Helgadóttir, hdl
Tómas Hrafn Sveinsson, lögfr.

Köllunarklettsvegi 2
104 Reykjavík
Sími: 520-2900
Fax: 520-2901

Hafnargötu 31
Pósthólf 16
232 Keflavík
Sími: 421-1733
Fax: 421-4733

Landslög ehf.
Kt.: 601169-0109
Vsk.: 61807
Banki: 1109-26-2900
www.landslog.is


segir m.a. að auglýsingar skuli ekki brjóta í bága við almenna góða siði og skuli ekki vanvirða mannlega sæmd.

Undirritaður telur að það haggi ekki ofangreindum sjónarmiðum um virðingu og mannlega reisu þótt Lalli Johns hafi fallist á að taka þátt í auglýsingaherferðinni. Upplýst hefur verið í fjölmiðlum að honum hafi verið greiddar kr. 300.000,- fyrir þátttökuna. Lalli Johns er heimilislaus og því er um að ræða mjög miklar fjárhæðir sem erfitt er fyrir hann að hafna. Má ætla að peningar hafi þannig ráðið því að Lalli Johns fékkst til að taka þátt í auglýsingu sem gengur út á að fólk skuli óttast hann og kaupa sér tæki og þjónustu til að verjast honum. Undirritaður þekkir a.m.k. ekki dæmi þess að maður hafi áður tekið þátt í auglýsingu sem sýnir hann sjálfan í neikvæðu ljósi.

Lalli Johns er þekktur á Íslandi sem heimilislaus maður og er að vissu leyti holdgervingur þess þjóðfélagshóps. Öryrkjabandalag Íslands telur að með framangreindri auglýsingaherferð sé ekki eingöngu alið á ótta almennings gagnvart Lalla Johns heldur gagnvart öllu heimilisláusu fólki. Margir heimilisláusir einstaklingar eru öryrkjar og því telur Öryrkjabandalag Íslands sér skylt að gæta hagsmuna þeirra þegar að þeim er vegið.

Með hliðsjón af öllu ofangreindu kærir Öryrkjabandalag Íslands hér með auglýsingaherferð sem auglýsingastofan Himinn og haf unnu fyrir Öryggismiðstöðina. Þess er krafist að málið verði afgreitt skv. 3. tölul. 5. gr. starfsreglna siðanefndar um auglýsingar.

Virðingarfyllst,
LANDSLÖG-LÖGFRÆÐISTOFA



Daníel Isebarn Ágústsson, hdl.

Meðfylgjandi

Ljósrit af heilsíðuauglýsingu á bls. 9 í Viðskiptablaðinu hinn 11. maí 2007